

Baráttan um hugmyndirnar

Kári skrifar

22. október 2023

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Þjónar erlends valds	5
3	Upplýsing eða áróður	7
4	Skoðanakannanir	9
5	Að lokum	11

Kafli 1

Inngangur

Átök um hugmyndir eru aldagömul og hugmyndafræði leikur stórt hlutverk í mótun þjóðfélaga. Með nýrri og fjölbreyttari tækni til þess að reka áróður stjórnvalda hefur komið æ betur í ljós hversu mikla þýðingu hugmyndirnar hafa. Þróunin hefur þó ekki leitt til þess að fleiri hugmyndir fái að njóta sín og að fleiri fái rödd. Í raun er það þvert á móti. Í Evrópu er almennt mjög sótt að tjáningarfrelsinu og engu líkara en að stefnt sé að einni samræmdri ESB-skoðun í sérhverju máli.

Aðrar raddir á helst að banna og hindra með valdi að fái að heyrast. Ef þeir sem reka slíka stefnu væru sjálfir einhver sérstök gáfumenni og stjórnspekingar gæti slík stefna mögulega gengið um hríð. En þannig er það ekki. Margir stjórnámálamenn nútímans eru almennt afskaplega litlausir og hugsa meira um eigin hag en þeirra sem þeir þó þykjast vera að gæta.

Flestir stjórnámálamenn eru heldur ekki sérstakir sannleiksleitendur. Áróður og ófyrirleitni á fremur upp á pallborðið en sannleikurinn. Skoðanakannanir eru aðferð sem oft er beitt til skoðanamyndunar. Þeim er ætlað að hafa áhrif á viðhorf fólks s.s. þegar dregur að kosningum. Fjölmíðlafólk sumt birtir niðurstöður slíkra kannana eins og um sé að ræða óskeikul vísindi. Hins vegar skortir oft mikið á að birtar séu og skýrðar bakgrunnsforsendur sömu kannana.

Markmið þessara skrifa er að reifa álitaefni um skoðanafrelsi og skoðanamyndun og þá sérstaklega aðferðirnar sem beitt er í áróðursskyni. Oft er vísað í niðurstöður skoðanakannana s.s. um fylgi stjórnmalaflokka. Niðurstöðum kannana ber að taka með miklum fyrirvara og rýna vel atriði sem snerta framkvæmd og tölfræði.

Skoðanakönnunum virðast í vaxandi mæli beitt sem áróðurstæki. Spurningin er þá sú hversu mikið er hægt að alhæfa um úrslit miðað við ákvedna könnun. Þar skiptir miklu máli hvernig úrtak er valið, hversu stórt það er, og hvert svarhlutfallið er. Í ákvæðum stjórnarskráa og mannréttindasáttmála er

tryggt bæði hugsunar- og tjáningarfrelsi. Um þann rétt þarf fólk að standa vörð. Það gerist margvíslega en einkum með því að beita réttinum - með því að fólk hugsi hlutina sjálft, hafni mötun stjórnvalda á „réttum skoðunum“ og ritskoðunartilburðum. Til þess að fólk geti varist áróðri verður menn að þekkja tækin og aðferðirnar sem beitt er.

Samræming og einsleitni eru áberandi fyrirbæri nú á tímum. Þar hlýtur fólk að spyrja um markmið og leiðir. Væri t.a.m. æskilegt að einn maður réði öllu á Íslandi? Þannig mætti vafalaust ná algerri samræmingu, við hugmyndir þess sem réði.

Einsleitnin yrði líka alger. Leggja mætti niður allar sveitastjórnir á Íslandi og jafnvel dómstólana líka! Allt vald væri á einni og sömu hendinni. Hvað með allan heiminn og hver væri þá best til þess fallinn að stjórna heiminum? Fortíðin geymir mörg dæmi um útpenslu og valdabrölt. Er ekki gagnlegt að lesa sögu heimsvelda,[6] (s.s. svæðisbundin og viðskiptaleg)? Er ekki sagan oft besti leiðarvísirinn sem menn hafa um nútíð og framtíð?

Alvöru fjölbreytileiki felst ekki í því að fylgja valdinu í blindni, heldur í óttaleysi við það að beita eigin sálargáfum og hæfileikum. Ef hugmynd er líkt við blóm má segja að fallegustu garðarnir séu þar sem mörg blóm af mismunandi tegundum ná að blómstra.

Stefnan í dag er fremur sú að eitt blóm skuli ríkja en klippa hin niður við rót og helst slíta þau upp. Garður með einu blómi, jafnvel þótt það sé í mismunandi litum, er ekkert sem gleður augað og fáir hafa áhuga á að skoða. „Fjölmennung“ þessa fólks er ekki menning þar sem rúm er fyrir mismunandi skoðanir heldur þvert á móti. Samráðsleysi er enn fremur mjög sterkt einkenni á atferli þess. Það fer sínu fram, veður yfir allt og alla.

Kafli 2

Þjónar erlends valds

Meðal sterkustu einkenna á vestrænum þjóðfélögum í dag (og þar er Ísland sannarlega engin undantekning) er ákveðin sjálfvirknivæðing hugarfarsins. Hún kemur fram í sjálfstýringu „stjórnmalanna“. Á Íslandi fer Alþingi sínu fram, þvert á vilja þjóðarinnar, tekur við erlendum skipunum og margir láta sér vel líka. Það kann vel að vera að það sé fyrirhafnarminna fyrir þingmenn að taka við tilskipunum og reglugerðum frá ESB en að hugsa málin sjálfir. Lýðræðislegt getur það þó ekki talist.

Annað dæmi um sjálfstýringuna er þögn heilbrigðisráðherra um breytingar á heilbrigðisreglugerð Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO). Þar er fullveldisafsal í uppsiglingu til stofnunar Sameinuðu þjóðanna. Hefur íslensk þjóð verið spurð? Sú furðulega staða er komin upp að þingmaður Vg sem gerði sig að forsætisráðherra er síðan orðinn helsti talsmaður stríðsátaka og einhver sýndarsendiherra WHO.

Er það samrýmanlegt embættisskyldum ráðherra að vera sérstök málpípa alþjóðlegra lyfjafyrirtækja sem stýra WHO? Ef stangast á hagsmunir WHO og íslenskir hagsmunir hvar liggur þá trúnaðarskylda ráðherrans? Þarna þarf viðkomandi ráðherra að gera hreint fyrir sínum dyrum. Hann (hún) skuldar þjóðinni skýringar. Líklega gerðu Íslendingar rétt með því að segja sig frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og hafna þar með afskiptum hennar algerlega.

Það hefur vakið athygli margra hversu létt forsætisráðherra Íslands er látinn komast frá viðtölum á ríkisfjölmiðlinum. Þessi „viðtöl“ eru yfirleitt einræður forsætisráðherrans sem beitir þeirri alkunnu aðferð að taka orðið og reyna síðan að halda því. Það er einkennandi að fáir eru einhverju nær eftir einræðurnar. Hvað snertir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina er viðkomandi stjórnmalamaður vafalaust að skapa sjálfum sér útgönguleið úr „stjórnmalum“ eftir að hafa klúðrað málum stórlega á Íslandi. Þá er fátt eftir nema flýja land, í faðm alþjóðastofnana.

Spyrja má: hvert er hlutverk stjórnámálanna ef ekki það að stjórna og setja lög, í umboði almennings? Þegar þingmenn eru orðnir afgreiðslumenn á gerðum erlends valds en taka ekki lengur neinar sjálfstæðar ákvarðanir hljóta menn að staldra við. Þá þarf að hverfa aftur til fortíðar, til þess tíma þegar Alþingi setti lög en innleiddi ekki lög annara.

Eins og ástandið er í dag má segja að íslensk stjórnskipun sé meira og minna í uppnámi. Skipting ríkisvaldsins er í molum og fáir þingmenn gera athugasemdir við það. Grundvallarspurning í því samhengi er þessi: hvar liggur hið raunverulega löggjafar-, dóms- og framkvæmdavald? Þetta má umorða og einfalda með annari spurningu: hverjir ráða ferðinni?

Eins og staðan er í dag gætu embættismenn einir sem best stjórnað landinu, án allra þingmanna og ráðherra. Færibandavinna við innleiðingar Evrópugerða hefur ekkert með stjórnsmál að gera heldur stjórnsýslu. Það þarf ekki 63 þingmenn til þess eins að innleiða Evrópugerðir. Í þessu ljósi kemur það einnig spánskt fyrir sjónir að reist sé ný skrifstofubygging Alþingis þar sem áætlaður kostnaður var tæpir 6 milljarðar króna árið 2022.[1]

Almennt er það rétt stefna að hið opinbera eigi og reki sitt húsnæði, að ekki sé verið að fódra milliliði sem okra á hinu opinbera og þar með almenningi. Þess vegna er á þetta minnst að draga fram ákveðna þversögn sem felst í því að færa annars vegar burt stóran hluta löggjafarvaldsins [og mun enn vaxa ef svo illa fer að Ísland gangi í Evrópusambandið] en hins vegar ráðast í byggingu húss sem á að hýsa starfsemi þingsins.

Engu er líkara en að ráðherrar gangi í svefni, þeir heyra ekki, láta ekki ná í sig og forðast almennt að standa fyrir máli sínu. En það er enn eitt einkennið á sjálfvirknivæðingu hugarfarsins að embættis- og stjórnsmálsmenn forðast samskipti við almenning. Fyrir 20-30 árum var það ekki óalgengt að fólk gæti bókað viðtalstíma hjá borgarstjóra eða ráðherrum. Margir svöruðu einnig erindum eftir bestu getu.

Nú eru breyttir tímar allt snýst um að reisa víggirðingu í kringum embættis- og stjórnsmálsmenn, þannig að flókið og nánast ómögulegt sé að ná af þeim tali. Það er rökrétt afleiðing þess að þingmenn og ráðherrar eru í vaxandi mæli strengjabrúður erlendra afla. Eftirtektarvert er einnig að margir íslenskir stjórnsmálsmenn forðast að nefna orðið **fullveldi** í ræðum og riti. Það þykir ekki passa við alþjóðavæðinguna sem þeir þjóna.

Kafli 3

Upplýsing eða áróður

Engu er treystandi í dag. Þvert á móti er allt falt fyrir peninga. Skömm og heiður skipta engu máli lengur - nema hægt sé að kaupa og selja. Nærtækt dæmi um brenglun með vísindastimpli eru ýmsar fullyrðingar um ágæti Covid-19 bóluefna sem smám saman sýna sig að vera með öllu rangar. Allt miðar þetta að sama marki: að villa um fyrir almenningi og kæfa gagnrýna hugsun. Almennigur þarf að „skila skömminni“ þangað sem hún á heima - hjá stjórnámálamönnum.

Nýjustu tólin í verkfærakistu valdaklíkunnar eru hugtökin „hatursorð-ræða“ og „upplýsingaóreiða“. Opin og frjáls umræða er mjög á undanhaldi. Það sést vel innan Evrópusambandsins. Þar eiga sér stað nánast óhugnanlegir atburðir. Mál- og tjáningarfrelsi er fótum troðið og ritskoðun á mikilli uppleið. Hún er þó í mikilli mótsögn við ákvæði mannréttindasáttmála.

En þegar á reynir eru ákvæðin merkingarlaus og þau að engu höfð. Sama þróun á sér stað á Íslandi enda þora íslenskir stjórnámálamenn almennt ekki að hafa sjálfstæðar skoðanir - það gæti skapað óvinsældir erlendis. Þegar allt kemur til alls er það heilbrigð dómgreind hvers og eins sem mestum árangri skilar. Virðing fyrir áróðri í nafni vísinda og „vísindakirkjur“ eru hins vegar veruleikinn í dag.

Svokallaðir almannatenglar eru hópur fólks sem hefur að viðfangsefni að skrumskæla veruleikann og búa til nýjan. Þeir fylgja stjórnvöldum að málum og bæta gráu ofan á svart. Allt gerist þetta í umróti yfirgripsmikillar alþjóðahyggju sem breiðist eins og engisprettufaraldur yfir ríki heims.

Nú vinna alþjóðasinnar að því leynt og ljóst að virkja Samfylkinguna sem sigurvegara í næstu kosningum. Búast má við hrinu skoðanakannana sem verða látnar sýna mikið fylgi við stjórnámálaflokkinn. Vegna slæmrar reynslu verður forðast að ræða Evrópumálin sem sérstakt forgangsverkefni. Hins vegar má búast við því að eftir kosningar verði snarlega skipt um stefnu og Evrópusambandsaðild dregin fram sem lausn allra vandamála á Íslandi. Þá

munu Íslendingar sjá að enn einu sinni var logið að þeim.

Ekkert er að marka hvað þetta fólk segir. Það er drifið áfram af utanaðkomandi öflum og hikar ekki við að tala gegn betri vitund. Ræðir í öðru orðinu um mikilvægi lýðræðis (sérstaklega fyrir önnur ríki) en í hinu orðinu um mikilvægi þess að innleiða erlend lög sem kjósendur á Íslandi hafa ekkert um að segja. Það talar einnig um mikilvægi fullveldis (einkum fyrir önnur ríki) en vinnur á sama tíma að innleiðingu orkupakka þrjú og síðar bókonar 35 við EES-samninginn. Allt rekst hvað á annars horn.

Stundum er því haldið fram að alþjóðahyggja sé nauðsynleg til þess að ná tökum á sameiginlegum ógnum mannkyns. Það ætti enginn að taka trúanlegt, enda allt annað sem raunverulega hangir á spýtunni. Málið snýst um alþjóðlegt auðmagn sem sífellt sölsar undir sig stærri hluta af eignum almennings. En til þess að ná meiri árangri er reynt að skáka í skjóli sameiginlegrar nauðsynjar og yfirvofandi hættu.

Með grænni skattlagningu og tali um ógnir af ýmsu tagi reyna stjórn mála- og fjármálaöflin í sameiningu að sannfæra almennung um að gefa eftir frelsi sitt og láta ræna sig. Það geti bjargað heiminum frá glötun. En sama fólk ætlar hins vegar ekki að fylgja þessum ráðleggingum sjálft heldur ferðast áfram með einkaþotum og brúðla með fé annara. Hræsni þessa fólks er yfirgengileg. Ekki fara saman orð og athafnir.

Fyrirkomulagið sem George Bush eldri kallaði „Nýja heimsskipulagið“ hefur haft djúpstæð áhrif, bæði innan þjóðríkja og fyrir borgaralegt samfélag sem slíkt. Áhrif hnattvæðingar á þjóðríkið eru m.a. vaxandi fullveldisafsal þjóðríkjanna og dvínandi lýðræði.[5]

Kafli 4

Skoðanakannanir

Skoðanakannanir nefnast kannanir þar sem reynt er að segja fyrir um skoðanir út frá takmörkuðum fjölda í úrtaki. Hvernig úrtak er valið skiptir þar mjög miklu máli. Venjulega er óframkvæmanlegt að rannsaka allt þýðið [allur sá hópur sem ætlunin er að álykta um], til dæmis þegar gerð er spurningalistakönnun.

Úrtak er aðferð sem gerir vísindamönnum kleift að álykta um upplýsingar í þýði byggðum á niðurstöðum úr undirhópi þýðisins, án þess að þurfa að rannsaka hvern einstakling. Að fækka einstaklingum í rannsókn dregur úr kostnaði og vinnuálagi og getur gert það auðveldara að fá góðar upplýsingar, en þá þarf úrtaksstærð að vera nægileg og með nægilegum afköstum [power] til að greina raunveruleg tengsl.[2]

Ef úrtak er notað, hvernig sem það er valið, er mikilvægt að þeir einstaklingar sem valdir eru séu dæmigerðir fyrir allt þýðið. Þetta getur falið í sér að miða sérstaklega á hópa sem erfitt er að ná til. Ef t.a.m. kjörskrá borgar væri notuð til að velja þátttakendur, myndu sumir, eins og heimilisláusir, ekki vera skráðir og því sjálfkrafa útilokaðir frá rannsókninni. Á Íslandi hefur hins vegar lengi tíðkast að velja úrtök úr þjóðskrá.

Það eru nokkrar mismunandi úrtaksaðferðir í boði og þeim má skipta í tvo hópa: líkindaúrtök og úrtök án líkinda. Við líkindaúrtak (slembiúrtak) er byrjað á heildarúrtaki allra gjaldgengra einstaklinga sem veljast í úrtakið. Þannig eiga allir gjaldgengir einstaklingar möguleika á að vera valdir í úrtakið og auðveldara að alhæfa um niðurstöður úr rannsókninni.

Aðferðir við líkindaúrtök eru oft tímafrekari og dýrari en úrtök án líkinda. Í úrtaki án líkinda (ekki tilviljunarkennt) er úrtak hannað þannig að sumir einstaklingar eiga enga möguleika á að verða valdir. Þar af leiðandi er ekki hægt að meta áhrif úrtaksskekkju og það er veruleg hættu á að lenda í úrtaki sem ekki er dæmigert fyrir þýðið og gefur niðurstöður sem ekki er hægt að alhæfa um. Hins vegar hafa aðferðir við úrtök án líkinda tilhneig-

ingu til að vera ódýrari og þægilegri og þær eru gagnlegar fyrir kannanir og tilgátugerð.[2]

Þegar greint er frá niðurstöðum skoðanakannana í fjölmiðlum virðist oft gleymast að gera næga grein fyrir upplýsingunum sem liggja að baki. Þar þarf í fyrsta lagi að koma fram hversu stórt úrtakið var. Í öðru lagi þarf að nefna svarhlutfallið, þ.e. hversu hátt hlutfall (í prósentum) þeirra sem lentu í úrtaki svöruðu því sem spurt var um.

Sé svarhlutfallið undir 70 prósentum verður öryggisbilið stærra en æskilegt væri sem aftur merkir að erfitt verður að nálgast hið rétta meðaltal í þýðinu. Alloft kemur þó fram að svarhlutfall hafi verið jafnvel undir 50 prósentum. Þegar slíkt gerist eiga fréttamenn að gera sértaka grein fyrir afleiðingum þess enda rýrir það mjög gagnsemi viðkomandi könnunar. Segja má, í einfölduðu máli, að nákvæmnin vaxi með hækkunni svarhlutfalli.

Á CheckMarket[3] má reikna fjölda svarenda sem þarf í könnun. Reiknivélin þar sýnir fjölda svarenda sem þarf til að fá tölfræðilega marktækar niðurstöður fyrir tiltekið þýði. Einnig er hægt að reikna út skekkjumörk byggð á úrtaksstærðinni sem valin er. Þarna kemur fram að ef úrtak er t.d. 1000 manns þurfa 707 að svara og þá miðað við tveggja prósentna skekkjumörk og 95 prósent öryggisbil. Svarhlutfallið er þá um 70 prósent.

Fréttamenn eiga ekki að reka áróður fyrir ákveðna stjórnámálamenn eða flokka heldur upplýsa fólk og skýra vel afleiðingar þess ef ákveðnar upplýsingar vantar. Næst þegar birtar verða niðurstöður þess efnis að Samfylkingin fari með himinskautum í skoðanakönnunum þarf að gera grein fyrir áður nefndum atriðum. Fyrsta spurningin er þó ætíð þessi: hver óskar eftir viðkomandi könnun og kostar hana?

Annað er vert að hafa í huga þegar rætt er um niðurstöður skoðanakannana. Það er samsetning úrtakanna sem oft er vísað til. Þar virðist oft vera spurt fólk í ákveðnum hópi sem hefur „réttar skoðanir“. Það sama fólk er svo gjarnan spurt aftur og aftur, könnun eftir könnun. Þetta er fólk með „réttu viðhorfin“ í þjóðfélaginu og hefur sýnt og sannað að það svarar eins og ætlast er til. Ef menn hins vegar gerast sekir um „röng viðhorf“ eru þeir aldrei spurðir aftur. Þarna gildir að halda sig á þrönga vegi dyggðarinnar.

Það er ýmislegt sem bendir til þess að skoðanakannanir séu (í vaxandi mæli?) notaðar sem valdataeki í höndum íslensku valdahlíkunnar og áhangenda hennar. Sé sú tilgáta reist á nægilega traustum grunni eru þessar kannanir ekki hlutlaus aðferð til þess að spá fyrir um afstöðu fólks í þjóðfélagsmálum heldur er þeim þá fremur ætlað að hanna og móta afstöðu. Ef eitthvert gagnsæi væri í þessum könnunum væru hrágögnin [raw data] birt líka þannig að hægt sé að opna þau í tölfræðiforriti og sannreyna niðurstöðurnar.

Kafi 5

Að lokum

Sumum þykir það „list stjórnmalanna“ að ljúga almenning fullan og leyna upplýsingum í fjölmarga áratugi (fela gögn). Í stað þess að koma heiðarlega fram, segja hlutina eins og þeir eru, er gögnum leynt og reynt að hindra að upplýsingar séu opinberaðar.

Þegar orkupakki þrjú var til umræðu í þjóðfélaginu lögðust á eitt „laga-deildardósentar“, margir stjórnmalamenn, braskarar og ríkisfjölmiðillinn til þess að hindra opna og eðlilega umræðu um málið. Er þó þýðing þess fyrir orkumál Íslendinga gríðarleg, t.d. hvað snertir framleiðslu, eignarhald og verðlagningu á rafmagni. Fyrrverandi og núverandi stjórnmalamenn, sem áður höfðu réttilega lýst efasemdum um ágæti orkupakkans, snérust um 180 gráður í málinu. Þar má t.d. nefna Sigurð Inga Jóhannsson.

Þessi sinnaskipti verða ekki skýrð með eðlilegri „segulskekkju“ enda frá-vikið miklu stærra en svo. Líkleg skýring er sú að braskarar hafi fengið fund með ráðherranum og sýnt honum fram á mikilvægi þess að hann skipti um skoðun. Undir liggja miklir hagsmunir þeirra sem vilja þekja landið með vindorkugörðum og ná til sín virkjanaleyfum. Sömu aðilar væru mögulega líka tilbúnir að láta nokkrar krónur af hendi rakna til stjórnmalaflokka.

Áhrifin af innleiðingu orkupakka þrjú eru smám saman að koma í ljós og hafa raunar komið fljótt fram í Noregi, t.d. í stórhækkunni raforkuverði, enda togar orkuverð á meginlandi Evrópu það norska upp úr öllu valdi. Svonefndir „orkumiðlarar“ spretta upp, eins og hverjir aðrir milliliðir, en framleiða þó ekki rafmagn sjálfir heldur kaupa það í heildsölu af fyrirtækjum í eigu almennings og selja síðan sama almenningi sitt eigið rafmagn. Það minnir helst á mann sem stelur bíl en býður síðan eigandanum að kaupa bílinn af sér á „hagstæðu verði“.

Stjórnvöld á hverjum tíma hafa margskonar tæki til þess að blekkja og ljúga. Opinberir fjölmiðlar eru notaðir til þess að flytja falsfréttir og telja fólki trú um að allt sé í besta lagi á sama tíma og allt hrynur til grunna. Á

Íslandi nægir að nefna efnahagshrunið haustið 2008 og hvernig rætt var um efnahagsástandið mánuðina á undan. Ráðherrar fullyrtu, upp í opið geðið á landsmönnum, að ekkert væri að óttast.

Skoðanakannanir eru eitt af mörgum tækjum stjórnvalda til þess að „móta almenningsálit“ og halda valdaklíkunni á floti.[4] Þeim verður án efa beitt af miklum krafti fyrir næstu þingkosningar, í þeim tilgangi að villa um fyrir fólki og afvegaleiða það. En eins og komið er fram þarf að skoða rækilega bakgrunn og innihald allra skoðanakannana. Þeim er beitt í mjög vaxandi mæli sem áróðurstæki þeirra sem fara með vald.

Hins vegar er það auðvitað þannig að ef skoðanakannanir eru vel og rétt unnar, og þau skilyrði uppfyllt sem rædd voru hér að framan, geta þær gefið allgóða vísbendingu um t.d. viðhorf fólks og kosningaúrslit. Það er þó skilyrt af áðurnefndum atriðum, s.s. um stærð úrtaka og svarhlutfall. Enn fremur verður alls ekki horft framhjá atriðum eins og þeim fyrir hverja könnun er gerð og hvernig viðmælendur eru valdir [t.d. fólk með „réttu viðhorfin“]. Allt skiptir þetta máli. Skoðanakannanir eru oft ekki hlutlaus, vísindaleg aðferð, enda þótt þær geti vel verið það þegar rétt er að öllu staðið.

Ein leið til þess að minnka vægi skoðanakannana sem áróðurstækis íslensku valdaklíkunnar væri sú að fá „óháð“ fyrirtæki til þess að kanna sama efni. Fréttastofa RUV myndi að sjálfsögð ekki birta niðurstöður þeirra fyrirtækja, sérstaklega ekki ef þær gengju gegn „hinni opinberu skoðun“ sem reynt er að móta og búa til. En fólk verður sjálfst að sjá í gegnum allan áróðurinn sem oft er lævíslega fram borinn.

Margir bundu vonir við upplýsingatæknina og alla þá möguleika sem henni fylgja sannarlega. Við því mátti hins vegar búast, að valdaklíkur heimsins myndu reyna að ná tökum á henni og beygja hana undir vilja sinn og hagsmuni. Það er t.a.m. mjög áberandi um þessar mundir innan Evrópusambandsins. Þar leyndu menn ekki hugmyndum um að banna ákveðnar skoðanir, ákveðna fjölmiðla, suma samfélagsmiðla og fleira í þeim dúr. Þar eru hafðir uppi nánast fasískir tilburðir gegn tjáningarfrelsinu. Íslenskir stjórn-málamenn verða virkilega að hugleiða hvort þeir telji Ísland vera þar í góðum félagsskap!

„Markaðstorg hugmyndanna“ byggir á tjáningarfrelsi. Á þessu torgi getur fólk komið saman, af fúsum og frjálsum vilja, viðrað hugmyndir sínar og deilt þeim með öðrum. Tíminn mun síðan leiða í ljós hvaða hugmyndir verða meira gildandi en aðrar eða fá meira vægi. Viðri einhver ósiðlegar eða jafnvel svívirðilegar hugmyndir á torginu þarf viðkomandi þá líka að vera því viðbúinn að aðrir muni ekki gefa þeim byr undir báða vængi og jafnvel fordæma þær.

Það er í fullu samræmi við leikreglurnar sem gilda á markaðstorginu. Aðrir hafa líka fullt frelsi til þess að tjá sínar skoðanir á málefnum sem til

umræðu er. En að stjórnvöld ætli sér að stýra því hvernig umræðan fer fram, með því að stimpla sumar skoðanir sem „hatur“ og „upplýsingaóreiðu“ er svo galið og fráleitt að stappar nærri bilun. Einungis mjög firrtu fólki kemur slíkt til hugar. Baráttan um hugmyndirnar heldur áfram en án tjáningarfrelsis verður lýðræðið marklaust. Góðar stundir!

Heimildir

- [1] Nýbygging Alþingis á áætlun — milljónir sparast í leigu. <https://byggingar.is/archives/34144>, aug 2022. [Online; accessed 20. Oct. 2023].
- [2] Helen Barratt and Saran Shantikumar. Methods of sampling from a population | Health Knowledge. <https://www.healthknowledge.org.uk/public-health-textbook/research-methods/1a-epidemiology/methods-of-sampling-population>, oct 2018. [Online; accessed 14. Oct. 2023].
- [3] CheckMarket. Sample size calculator - CheckMarket. <https://www.checkmarket.com/sample-size-calculator>, jun 2021. [Online; accessed 17. Oct. 2023].
- [4] Lawrence R. Jacobs and Robert Y. Shapiro. Presidential Manipulation of Polls and Public Opinion: The Nixon Administration and the Pollsters on JSTOR. <https://www.jstor.org/stable/2151882>, 1995. [Online; accessed 19. Oct. 2023].
- [5] Jorge Nef. Globalization and the Crisis of Sovereignty, Legitimacy, and Democracy. <https://library.fes.de/libalt/journals/swetsfulltext/16126214.pdf>, nov 2002. [Online; accessed 19. Oct. 2023].
- [6] Eleni Veroutsos. Largest Empires In History. <https://www.worldatlas.com/geography/largest-empires-in-history.html>, feb 2023. [Online; accessed 22. Oct. 2023].